LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Kæri félagsmaður

17. september 2015

Það er okkur undirrituðum formanni og framkvæmdastjóra LS ánægja að kynna verkefni sem gæti haft í för með sér mikla lækkun á kostnaði í útgerð smábáta. Undirbúningur hefur staðið um nokkurt skeið og nú er komið að kynningu.

Olíuinnkaup

Verkefnið snýst um að óska tilboða frá olíufélögunum í viðskipti við félagsmenn Landssambands smábátaeigenda.

Við undirbúning var ákveðið að fara sömu leið og gert var með útboð á húftryggingum árið 1997. Leitað var til sérfræðinga á þessu sviði til að meta hvort verkefnið væri raunhæft.

Eftir mikla greiningarvinnu varð ljóst að útboð er framkvæmanlegt enda hér um gríðarlega hagsmuni að ræða - innkaup á milljónum lítra.

Markmið

Markmiðið er að lækka verð á olíu til félagsmanna í LS. Til að það takist verða smábáta-eigendur að sýna mikla samstöðu og taka þátt í útboðinu.

- *Þátttaka og þar með verkefnið kemur aðeins til framkvæmda ef útboðið skilar meiri afslætti en þú færð í dag.*

Hvernig tek ég þátt?

Með því að svara þessum tölvupósti og senda hann ertu orðinn þátttakandi í útboðinu. Hvetjum þig til að bregðast strax við þessu þarfa málefni.

- *Allt í þágu félagsmanna í Landssambandi smábátaeigenda.*
- *Skili útboðið meiri afslætti á hvern olíulítra en þú færð í dag er mismunurinn þinn sparnaður.*
- *Þátttaka er þinn hagur.*

Samstaðan er okkar sterkasta vopn

Bestu kveðjur

Halldór Ármannsson formaður
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is